

Jakob Valgeir ehf.
Kt: 510800-2220
Grundarstíg 5
415 Bolungarvík

Hafnarfjörður, 17.07.2026
Tilv. 2025-09-04-1688

Efni: Svipting. Löndunarskylda. Afli ekki hirtur úr veiðarfæri. Sirrý ÍS – 36 (2919)

Fiskistofa hefur lokið meðferð máls er varðar brot áhafnar fiskiskipsins Sirrý ÍS - 36, skipaskrárnúmer 2919, gegn 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996 um umgengni um nytjastofna sjávar.

I. Málsvik

Þann 2. september 2025 var veiðieftirlitsmaður Fiskistofu við eftirlit á Bolungarvík. Í skýrslu eftirlitsmanns kemur fram að borist hafi ábending um að afli hafi verið í veiðarfæri fiskiskipsins Sirrý ÍS – 36 (2919) eftir að skipið hafi landað afla á Bolungarvík þann 1. september 2025. Þegar eftirlitsmaður hafi gert athugun á veiðarfæri skipsins hafi komið í ljós fjöldi fiska, þ. á m. 39 karfar, 2 ufsar og 4 kolar, í poka á veiðarfæri skipsins sem búið var að ganga frá og draga fram til geymslu. Eftirlitsmaður hafi fangað umgengi við aflann og frágang á mynd sem sýni aflann illa á sig kominn, hreisturslausan, hvítan, stífan og þurran. Fram kemur að enginn af hálfu útgerðar hafi verið viðstaddur vettvangsferð eftirlitsmanns.

Af þeim sökum er áhöfn fiskiskipsins Sirrý ÍS – 36 (2919) grunuð um að hafa brotið gegn 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996 með því að hafa ekki hirt aflann úr veiðarfæri skipsins og landað honum í lok veiðiferðar.

II. Lagagrundvöllur

Í 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996 er kveðið á um meginregluna að skylt sé að hirða og landa öllum afla sem kemur í veiðarfæri fiskiskipa. Brot gegn framangreindu ákvæði geta varðað stjórnsýsluviðurlögum þ.e. sviptingu leyfis til veiða í atvinnuskyni eða áminningu samkvæmt 15. gr. sömu laga.

III. Athugasemdir málsaðila

Með bréfi Fiskistofu, dags. 3. desember 2025, var málsaðila tilkynnt um að málið hafi verið tekið til meðferðar, málsvikum lýst, honum leiðbeint um lagaatriði og gefinn kostur á að koma andmælum og athugasemdum á framfæri áður en afstaða yrði tekin til þess hvort brot hafi verið framið og eftir atvikum hvort beita ætti viðurlögum. Var málsaðila veitt tækifæri til að leggja fram athugasemdir og andmæli vegna málsins til og með 18. desember 2025 sem framlengdur var til og með 22. janúar 2026 að beiðni málsaðila.

Sjónarmið málsaðila bárust þann 22. janúar 2026. Fram kom að málsaðili hafi vilja til að bæta verklag áhafnar, læra af reynslunni og tryggja að sambærileg atvik endurtaki sig ekki. Málsaðili hafi þegar brugðist við með úrbótum á verklagi.

Málsaðili gaf í skyn að aflinn hafi skemmst eða ánetjast í veiðarfæri skipsins. Vegna mannlegra mistaka hafi gleymst að landa aflanum sem VS-afla og því hafi ekki verið um að ræða kerfisbundna háttsemi af ásettu ráði eða stórkostlegt gáleysi. Málsaðili lagði áherslu á að ekki

væri um brottkast að ræða í skilningi laga nr. 57/1996, þar sem brottkast feli í sér meðvitaða ákvörðun um að varpa fiski útbyrðis.

Þar sem viðurlög eru íþyngjandi telur málsaðili að Fiskistofa skuli gæta að jafnræði og meðalhófi við ákvörðun viðurlaga. Málsaðili taldi engin lagaskilyrði vera fyrir hendi til beitingar viðurlaga, en ef viðurlög kæmu til álita þá bæri að beita vægustu viðurlögum sem völ er á.

Athugasemdir um málsmeðferð og afstaða Fiskistofu

Málsaðili gerir athugasemdir við að rannsókn Fiskistofu um borð í skipinu Sirrý ÍS - 36 (2919), þann 1. september 2025, hafi farið fram án hans vitundar. Telur málsaðili að með því hafi Fiskistofa brotið gegn grundvallarreglum stjórnsýsluréttar, þ. á m. andmælarétti.

Fiskistofa gerir ráð fyrir að málsaðili eigi við þann 2. september 2025 þegar veiðieftirlitsmaður Fiskistofu var við eftirlit í Bolungarvík, sbr. málsatvik.

Hvað athugasemd málsaðila varðar bendir Fiskistofa á rannsóknar- og eftirlitsheimild 18. gr. laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða. Þar er eftirlitsmönnum Fiskistofu fenginn heimild til að fara um borð í skip í rannsóknar- og eftirlitsskyni til athugunar á farmi og veiðarfærum. Málsaðila var veittur rúmur frestur til að koma sjónarmiðum og andmælum á framfæri frá 3. desember 2025 til og með 22. janúar 2026, sem hann gerði. Að framangreindu virtu telur Fiskistofa sig ekki hafa brotið gegn grundvallarreglum stjórnsýsluréttar við rannsókn máls. Fiskistofa telur hins vegar að það hefði betur samræmst vönduðum stjórnsýsluháttum að gera málsaðila viðvart um fyrirhugaða athugun veiðieftirlitsmanns Fiskistofu um borð í skipi útgerðar áður en farið var um borð.

IV. Niðurstaða og rökstuðningur

Mál þetta hverfist um hvort áhöfn fiskiskipsins Sirrý ÍS - 36 (2919), hafi brotið gegn 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996, þar sem segir að skylt sé að hirða og landa öllum afla sem kemur í veiðarfæri fiskiskipa.

Fyrir liggur að þann 2. september 2025 voru 39 karfar, 2 ufsar og 4 kolar enn í poka á veiðarfæri skipsins sem búið var að ganga frá og draga fram til geymslu eftir löndun þann 1. september 2025.

Málsaðili virðist telja 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996 eiga einvörðungu við um brottkast og byggir á því að framangreind háttsemi geti ekki talist brottkast í skilningi laga nr. 57/1996.

Hátternisregla 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996 felur í sér boðreglu sem kveður skýrlega á um meginregluna um löndunarskyldu. Reglan kveður á um þá athöfn, sem áhafnar meðlimum er skylt að inna af hendi, að hirða og landa öllum afla sem komið hefur í veiðarfæri skipa. Þar með fer bæði brottkast og sú háttsemi að hirða ekki afla úr veiðarfærum og landa honum í lok veiðiferðar gegn áður greindri meginreglu. Bæði geta varðað viðurlögum samkvæmt lögum nr. 57/1996. Að framangreindu virtu er það mat Fiskistofu að röksemdir og sjónarmið sem færð voru fram af hálfu málsaðila eigi ekki við í fyrirbyggjandi máli.

Af því leiðir að áhöfn, einkum skipstjórnanda, fiskiskipsins Sirrý ÍS - 36 (2919) bar að sjá til þess að aflinn væri hirtur úr veiðarfæri skipsins og landaður í lok veiðiferðar þann 1. september 2025.

Með því að hafa ekki hirt 45 fiska úr veiðarfæri skipsins og landað þeim í lok veiðiferðar, braut áhöfn skipsins Sirrý ÍS – 36, skipaskrárnúmer 2919, gegn 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996.

Ákvæði 15. gr. laga nr. 57/1996 mælir fyrir um að Fiskistofa skuli veita hlutaðeigandi útgerð áminningu eða svipta skip leyfi til veiða í atvinnuskyni, fyrir brot á lögum eða reglum settum samkvæmt þeim. Við mat á því hvort brot teljist minniháttar eður ei er litið til þess hvort brot hafi í för með sér umtalsverðan ávinning fyrir hlutaðeigandi útgerð og/eða tengda aðila, hversu mikilvægum hagsmunum brot ógnar og hvort það hafi verið framið af ásetningi eða gáleysi. Jafnframt er litið til þess hvort verknaður hafi verið framinn með sérstaklega vítaverðum hætti eða til staðar séu aðstæður sem auka mjög sagnæmi brots.

Við mat á fjárhagslegum ávinningi brots tekur Fiskistofa m.a. tillit til magns og tegunda. Af gögnum málsins verður ráðið að 39 karfar, 2 ufsar og 4 kolar, samanlagt 45 fiskar voru ekki hirtir úr veiðarfæri skipsins og landað í lok veiðiferðar þann 1. september 2025. Þrátt fyrir að ávinningur brots geti falist í sparnaði sem fæst við að komast undan hugsanlegum kostnaði og sparnaði á útgjöldum við að hirða og landa afla, t.a.m. afla sem selst ekki eða þarf að urða með tilheyrandi kostnaði, auk þessa að komast hjá því að ráðstafa aflaheimildum í þann afla sem ekki var færður til vigtunar á hafnarvog, telur Fiskistofa ávinning útgerðar óverulegan.

Brotið ógnar hagsmunum tengdum stjórnun fiskveiða og er til þess fallið að grafa undan grundvallarstöðum íslenska fiskveiðistjórnunarkerfisins. Kerfið grundvallast á því að aflaskráning gefi sem réttustu mynd af því hve mikið sé veitt úr sameiginlegri auðlind þjóðarinnar og því er mikilvægt að upplýsingar um veiddan afla séu rétt skráðar. Upplýsingarnar eru lagðar til grundvallar við ráðgjöf um leyfilegan heildarafla sem vegur þungt í endanlegri ákvörðun um heildarafla fiskveiðiárs. Auk þessa fer brotið gegn hagsmunum tengdum umgengni við afla sem veiddur er úr sameiginlegri auðlind þjóðarinnar. Að mati Fiskistofu ógnar brotið framangreindum hagsmunum og vinnur þannig gegn ábyrgri umgengni um nytjastofna sjávar.

Við mat á sagnæmisstigi brots ber að líta til háttsemi áhafnar, einkum skipstjórnanda. Eftirlitsskylda hvílir á skipstjórnanda sem ber meginábyrgð á verklagi áhafnar um borð.

Strangara sagnæmismat lýtur að skipstjórnanda sem sérfræðingi í ljósi stöðu hans og þekkingar, en gera verður þá kröfu til skipstjórnarmanna að þeir þekki lög og reglur er snúa að veiðum og sérstaklega snerta atvinnu þeirra. Við mat á því hvort skipstjórnandi hafi innt af hendi eftirlitsskyldu sína í samræmi við það sem af honum mátti ætlast er athugað hvort hann hafi við framkvæmd starfa sinna farið eftir gildandi hátternisreglum um fiskveiðar og starfsaðferðum sem „góður og gegn skipstjórnandi“ myndi fylgja miðað við aðstæður hverju sinni.

Skipstjórnanda bar að sjá til þess að áhafnar meðlimir hirtu allan aflann úr veiðarfæri skipsins og að honum væri landað í lok veiðiferðar. Í máli þessu er ljóst að skipstjórnandi, Sirrý ÍS – 36 (2919) sá ekki til þess að áhöfn hirti 45 fiska úr veiðarfæri skipsins og að aflanum væri landað í lok veiðiferðar. Að mati Fiskistofu hefur skipstjórnandi Sirrý ÍS – 36 (2919), með vísan til framangreinds, vanrækt eftirlitsskyldu sína með sagnæmum hætti, þ.e. að lágmarki gáleysi.

Málsaðili stundar fiskveiðar í atvinnuskyni og í hans þágu starfa einstaklingar sem hafa sjómennsku að atvinnu. Málsaðili ber ábyrgð á því að veiðar skips í hans útgerð séu í samræmi við gildandi lög og reglur og þá sérstaklega að framkvæmd veiða brjóti ekki í bága við ákvæði

2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996. Það er því á ábyrgð útgerðar, að verklag við veiðar sé í samræmi við lög og reglur.

Að teknu tilliti til eðlis og umfangs brotsins og alls þess sem að framan hefur verið rakið er það mat Fiskistofu að brotið teljist meiriháttar. Af þeim sökum komi áminning ekki til álita. Að mati Fiskistofu þykja hæfileg viðurlög, með hliðsjón af meðalhófsreglu stjórnsýsluréttar, vegna brotsins vera svipting leyfis til veiða í atvinnuskyni í tvær vikur.

Ákvörðun lá fyrir í málinu dags. 14. júlí 2026 en svipta átti skipið Sirrý ÍS - 36 (2919) leyfi til veiða í atvinnuskyni í tvær vikur frá og með 15. ágúst 2026 til og með 28. ágúst 2026. Þann 17. júlí 2026 barst Fiskistofu beiðni um flýtingu réttaráhrifa. Fiskistofa féllst á beiðni málsaðila og afturkallar fyrri ákvörðun dags. 14. júlí 2026, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 25. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Ný ákvörðun, dags. 17. júlí 2026 tekur því gildi.

Fiskistofa sviptir hér með skipið Sirrý ÍS – 36, skipaskrárnúmer 2919, leyfi til veiða í atvinnuskyni í tvær vikur (14 daga) frá og með 20. júlí 2026 til og með 2. ágúst 2026, samkvæmt 1. mgr., sbr. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996, vegna brots gegn 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996.

Ákvörðunin hefur ítrekunaráhrif í tvö ár frá og með dagsetningu ákvörðunar samkvæmt 19. gr. laga nr. 57/1996.

Kæruheimild

Ákvörðun er kæránleg til atvinnuvegaráðuneytis, Skúlagötu 4, 101 Reykjavík, innan eins mánaðar frá því að málsaðila var tilkynnt um ákvörðunina, sbr. 24. gr. laga nr. 116/2006 og 18. gr. laga nr. 57/1996. Kæru skal beint til ráðuneytisins, t.a.m. með tölvupósti á netfangið atrn@atrn.is. Kæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar.

